

Stykkishólmsbær

Uppbygging á þjónustu og búsetuúrræðum
fyrir aldraða og fatlaða í Stykkishólmsbæ



Skýrsla nefndar á vegum Stykkishólmsbæjar, febrúar 2010.

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Staðan í dag	4
Aldraðir	4
Fatlaðir	5
Niðurstöður	6
Aldraðir	6
Fatlaðir	7
Tillögur	8
Að lokum.....	9
Heimildaskrá.....	10
Viðauki 1 - Í stefnumörkun um málefni aldraðra, er skýrsla nefndar á vegum Stykkishólmsbæjar frá apríl 2006 en þar kemur eftirfarandi fram:	11
Heimahjúkrun	11
Félagsleg heimaþjónusta.....	12
Dvalarheimili aldraðra í Stykkishólmi.....	12
Þjónustuíbúðir.....	12
Viðauki 2 - Skýringar á þjónustu og hugtökum.....	14
Viðauki 3 – Móholt mæliblað	15

Inngangur

Samþykkt var á fundi bæjarstjórnar 26. mars 2009 að skipa fimm manna vinnuhóp til að móta tillögur að uppbyggingu á þjónustu og búsetuúrræðum fyrir aldraða og fatlaða í Stykkishólmsbæ. Bæjarstjórn skipar hópinn samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykkta um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar, einn fulltrúi er tilnefndur af stjórn Dvalarheimilis Stykkishólms, einn af þjónustuhóp aldraðra og þrír af bæjarstjórn.

Fundir vinnuhópsins urðu alls 10 þar á meðal var fundað með bæjarráði, byggingarfulltrúa, umsjónarmanni fasteigna, forstöðumanni dvalarheimilis, stjórn Aftanskins og fulltrúa Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra á Vesturlandi auk þess var farið í vettvangskönnun á Dvalarheimilið og í Grunnskólann við Borgarbraut.

Málin voru rædd og farið yfir þær hugmyndir sem lúta að uppbyggingu á þjónustu og búsetuúrræðum fyrir aldraða og fatlaða í Stykkishólmi.

Stykkishólmi, 1. febrúar 2010

Dagný Þórisdóttir
Ellert Kristinsson
Friðrik Jónsson
Hanna Jónsdóttir
Róbert W. Jörgensen

Staðan í dag

Aldraðir

Í lögum um málefni aldraða nr. 125/1999 og lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 er markmiðið að gera öldruðum fært að lifa eðlilegu heimilislífi eins lengi og kostur er, að öldruðum sé tryggð þjónusta þegar hennar er þörf og í samræmi við þarfir hvers og eins.

Á síðustu árum hefur hlutfallslega fjölgað mjög í hópi aldraðra á Íslandi. Samkvæmt lögum þá teljast til aldraðra einstaklingar sem náð hafa 67 ára aldri. Opinberum starfsmönnum er gert að láta af störfum þegar þeir verða 70 ára og félög eldri borgara eru opin öllum einstaklingum 60 ára og eldri. Því má segja að aldraðir séu fólk á aldrinum yfir sextugu en auðvitað er aldur mjög afstætt hugtak því aldur leggst mismunandi á einstaklinga.

Miklar umræður hafa átt sér stað um búsetuúrræði aldraðra í þjóðfélaginu. Skoðun flestra er sú að aldraðir geti verið sem lengst í heimahúsum og þeim sé gert það léttara með aukinni heimilishjálp og jafnvel þannig að þeir hefðu möguleika á því að fara í svokallaðar þjónustuíbúðir. Einnig hefur umræða aukist um nauðsyn þess að fjölga þjónustuíbúðum, sem býður upp á aukna þjónustu.

Nýjar áherslur fela í sér að samþætta félagslega þjónustu og heilbrigðisþjónustu við aldraða í heimahúsum, þar sem þjónusta er færð inn á heimili þeirra til að gera þeim kleift að búa sjálfstætt eins lengi og heilsa leyfir.

Í því kerfi sem byggt hefur verið upp til að mæta þörfum aldraðra hefur almennt ekki verið nægilega gætt að mannréttindum þeirra. Ábyrgð og verkaskipting ríkis og sveitarfélaga hefur í of mörgum tilvikum ýmist leitt til ónógrar þjónustu eða þjónustu sem samræmist ekki þörfum þeirra sem þurfa hennar með.

Kannanir sýna að aldraðir vilja búa sem lengst á eigin heimili. Ónóg þjónusta og fábreytt stuðningsúrræði hafa hins vegar ýtt fólki inn á öldrunarstofnanir, jafnvel þótt augljóst sé að styðja megi fólk til sjálfstæðrar búsetu í samræmi við óskir þess sjálfs með mun minni tilkostnaði en svarar kostnaði við stofnanavist.

Á Dvalarheimili aldraðra í Stykkishólmi, sem tók til starfa 9. ágúst 1978 eru 18 einsmanns- og tvö tveggjamannaherbergi. Þar eru 10 dvalarrými, 10 hjúkrunarrými og 2 dagvistunarrými, starfsmenn eru 17 í tæplega 13 stöðugildum. Við Dvalarheimilið eru 16 þjónustuíbúðir fyrir aldraða, íbúðirnar eru svokallaðar búseturéttaríbúðir og geta íbúar fengið keyptan mat og þvottþjónustu á Dvalarheimilinu. Aðra þjónustu svo sem heimilishjálp, liðveislu og heimahjúkrun á vegum heilsugæsusustöðvarinnar ásamt dagvistun eiga íbúar sama rétt og aðrir íbúar sveitarfélgsins.

Á biðlista eftir þjónustuíbúðum eru 15 umsóknir og 2 umsóknir eru á biðlista eftir herbergi á Dvalarheimili.

Tafla 1: Aldursskipting íbúa 61 árs og eldri í Stykkishólmi árið 2009

Aldursflokkur	Fjöldi
61-65 ára	59
66-70 ára	47
71-75 ára	50
76-80 ára	33
81-85 ára	24
86-90 ára	13
91 árs og eldri	7

Í lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 er skilgreint hvaða þjónusta skuli veitt í þjónustuíbúðum og segir að í þeim skuli vera öryggiskerfi og vól á fjölbreyttri þjónustu, svo sem mat, þvotti og þrifum, og aðgangur að félagsstarfi.

En stefnt er að því að heildar ábyrgð á þjónustu við aldraða verði færð til sveitarfélaga eigi síðar en árið 2012.

Fatlaðir

Þegar fjallað er um réttarstöðu fatlaðra er nauðsynlegt að athuga vel hvað felst í því að vera fatlaður. Skilgreining á hugtakinu er mikilvæg því á henni byggja þau sérréttindi sem fatlaðir njóta. Hugtakið er þó í stöðugri þróun og því ólíklegt að nokkurn tíma muni liggja fyrir endanleg skilgreining á hugtakinu. Réttindi fatlaðra eru tryggð í stjórnarskrá, almennum lögum sem og fjölmörgum alþjóðasamningum og yfirlýsingum sem Ísland er aðili að.

Á síðustu árum hefur í auknum mæli verið lögð áhersla á að fatlaðir hafi sama rétt til þátttöku í samfélaginu og ófatlaðir. Sá réttur felur í sér að fatlaðir njóti allra þeirra réttinda sem ófatlaðir njóta. Að auki hafa fatlaðir sérstök réttindi sem eru tilkomin vegna fötlunar þeirra. Réttaröryggi er því sérstaklega mikilvægt fyrir þennan hóp, helst vegna þess að fatlaðir eru minnihlutahópur sem oftast en ekki er háður opinberri þjónustu og eiga því mikið undir öllum réttar- og stjórnsýslureglum sem finna má hjá stjórnvöldum.

Fatlaðir eru innbyggðis jafnólíkir og þeir sem ekki teljast fatlaðir og því nauðsynlegt að þeim standi til boða mismunandi búsetuúrræði allt eftir þörfum og áhuga hvers og eins.

Í dag búa í Stykkishólmi 14 börn sem falla undir þá skilgreiningu að teljast fötluð. Þegar talað er um fötlun er átt við skerta getu líkamlega og/eða andlega. Þessi börn falla í 1,2 eða 3 flokk umönnunarbóta hjá Tryggingastofnun Ríkisins.

Tafla 2: Fjöldi fatlaðra einstaklinga í Stykkishólmi

Aldursflokkur	Fjöldi
Fullorðnir	-
Þeir sem eru yfir 20 ára	9
Framhaldskólaaldur	5
Grunnskólaaldur	6
Leikskólaaldur	3

Tveir einstaklingar búa við þannig fötlun að ljóst er að þeir þurfa 24 tíma þjónustu. Aðrir þurfa mismikla aðstoð þegar horft er til búsetuþjónustu.

Markmið laga nr 59/1992 um málefni fatlaðra er að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi. Stefnt er að því að málefni fatlaðra færast yfir til sveitarfélaga um ármótin 2010/2011.

Ekki er alltaf hægt að segja til um þjónustupörf fólks fram í tímann. Setja þarf markmiðið hátt og ýta eftir mætti öllum til aukins þroska á sem fjölbreyttustu sviðum.

Niðurstöður

Aldraðir

Ganga skal út frá rétti aldraðra til eigin heimilis og því skal megin áhersla vera lögð á að tryggja öldruðum fjölbreytt búsetuúrræði með viðtækri heimaþjónustu sem hæfir ólíkum aðstæðum og þörfum hvers og eins.

Brýnt er að breyta og endurbæta núverandi herbergi á Dvalarheimili aldraðra í Stykkishólmi, þannig að allir eigi kost á einbýli sem uppfyllir nútímakröfur um stærð og aðbúnað þ.e. hafi sér baðherbergi og eldhúskrök. Leggja þarf mikla áherslu á að þeir sem búa í íbúðunum við Skólastíg 14a og 16 eigi kost á sömu þjónustu sem veitt er á Dvalarheimili aldraðra í Stykkishólmi.

Frekari uppbygging Dvalarheimilisins við Skólastíg er ekki valkostur að mati nefndarmanna. Nauðsynlegt er að skoða aðra kosti í þeim efnum. Á undanförunum árum hafa verið byggðar íbúðir bæði í Tjarnarás og Móholti, sem eru vinsælar hjá eldri borgurum. Það svæði er heppilegt sem byggingarland fyrir þjónustuíbúðir í framtíðinni. Þannig væri hægt að skapa byggðakjarna fyrir íbúðir aldraða með hugsanlegum þjónustukjarna og yrði þá viðbót við þær 16 íbúðir sem nú eru við Skólastíg 14a og 16.

Markmið dagvistunar er að bjóða öldruðum þjónustu sem miðar að því að þeir geti sem lengst búið á eigin heimili þrátt fyrir skerta andlega eða líkamlega heilsu. Dagvistun felur í sér tímabundna dvöl í félagsmiðstöð við tómsundaiðkun, aðstöðu til léttra líkamsæfinga, máltíð, hvíldaraðstöðu eða böðun og snyrtingu. Akstur til og frá heimili þarf að vera innifalinn í þessari þjónustu.

Mikilvægt er að félagsleg heimaþjónusta og heimahjúkrun þ.e. heimilishjálp, liðveisla og heimahjúkrun verði sameinuð og færð undir eina framkvæmdastjórn til að tryggja samhæfða þjónustu við aldraða í heimahúsum. Nýting starfsfólks sem vinnur að málefnum aldraðra og fatlaðra getur orðið betri og samlegðaráhrif getur leitt til hagræðingar í rekstri. Æskilegt er að samstarf Dvalarheimilis Stykkishólms og Heilbrigðisstofnunar Vesturlands, Stykkishólmi aukist markvisst og samnýting á þjónustu lækna og hjúkrunarfræðinga verði aukin sem kostur er.

Nauðsynlegt er að aldraðir fái viðeigandi stuðning og einstaklingsmiðaða þjónustu til að geta dvalið sem lengst á eigin heimili. Einnig að réttur aldraðra til sjálfstæðrar búsetu og sjálfsforræðis verði virtur og að öldruðum standi til boða fjölbreytt val búsetuforma.

Í lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 er skilgreint hvaða þjónusta skuli veitt í þjónustuíbúðum og segir að í þeim skuli vera öryggiskerfi og völ á fjölbreyttri þjónustu, svo sem mat, þvotti og þrifum, og aðgangur að félagsstarfi. Íbúar í þjónustuíbúðum eiga sama rétt á heimaþjónustu og aðrir íbúar sveitarfélagsins.

Ríkið tekur engan þátt í byggingu þjónustuíbúða á sama hátt og það gerir þegar um byggingu hjúkrunarheimila er að ræða. Sum sveitarfélög leigja út þjónustuíbúðir til eldri borgara sem þurfa meiri þjónustu en hægt er að fá í heimahúsum, án þess að hafa þörf fyrir vist á dvalar- eða hjúkrunarheimili.

Fatlaðir

Íbúðasambyli það er form sem flestir aðhyllast í dag (þegar horft er á þarfir þeirra einstaklinga sem hér um ræðir) og þarf að innihalda 4 eða 5 einstaklingsíbúðir u.þ.b. 30 fermetra hver. Þar fengju 4 eða 5 einstaklingar íbúðir (einstaklingsíbúðir). Síðan væri sameiginlegt rými, sem samanstæði af eldhúsi og stofu. Þannig að hver einstaklingur hefði sína íbúð en ættu möguleika á að vera í sameiginlegu rými þegar það hentaði.

Miðað við aðstæður í dag væri þetta nóg til að mæta þeirri þörf sem upp er að koma og sjáanleg er. Nýta mætti líka þær leiguíbúðir sem bærinn á eða leiguíbúðir á almennum markaði fyrir þá, sem minni þjónustu þurfa. Eins er eðlilegt að fatlaðir einstaklingar kaupi sér eða eignist sitt eigið húsnæði séu aðstæður þeirra slíkar og þeir fái þjónustu miðað við sínar þarfir hverju sinni.

En til að not sé fyrir búsetuúrræði þarf að skapa atvinnutækifæri fyrir alla, því er mjög aðkallandi að koma upp starfsstöð, sem inniheldur atvinnu og dagvistun. Þannig, að þeir, sem eru í fjölbrautarskólanum, geti gengið þar að verkefnum við sitt hæfi þegar frídagar eru í skólanum. Í framhaldsskólum eru yfir 30 frídagar á vetri. Það er langur tími fyrir foreldra þeirra barna, sem þurfa 24 tíma þjónustu. Einnig gætu grunnskólanemendur fengið þar þjónustu þá daga, sem skólinn starfar ekki. Eins gætu grunnskólanemendur fengið þar þjónustu þá daga, sem skólinn starfar ekki.

Starfsstöð, þar sem fólk með skerta starfsgetu getur fengið verkefni við sitt hæfi, þarf að innihalda dagvistun, vinnutengd verkefni, afþreyingu og hæfingu allt eftir þörfum þeirra, sem þjónustuna

sækja hverju sinni. Vissulega þyrfti að vera staður fyrir alla á almennum vinnumarkaði. Virðing fyrir einstaklingnum felur í sér viðurkenningu á rétti hans á að vera öðruvísi. Ljóst er að margir fatlaðir geta unnið og unnið vel. Aðrir þurfa aðstoð við vinnu og þá eru til úrræði eins og örorkuvinnusamningur og atvinna með stuðningi. Það er stuðningur og efling til fullgildrar þátttöku. Allir fatlaðir jafnt sem ófatlaðir, þurfa virðingu og tækifæri. Full þátttaka í samfélaginu eru mannréttindi. En styrkleikar, úthald og orka hvers og eins er misjöfn. Þannig geta sumir unnið hluta úr degi á almennum vinnumarkaði og fengið að fylla daginn í þessari starfsstöð. Því tilboð utan heimilis í 1-2 tímar á dag í vinnu eða afþreyingu er of lítið bæði fyrir þann, sem þjónustunnar nýtur og eins fjölskylduna sem á bak við hinn fatlaða stendur. Álag á þessum heimilum er oft mikið og allir hafa jú þörf fyrir vinnu, virðingu og lífsgæði. Fötun er hluti af mannlegum margbreytileika, sem við þurfum að mæta með fullri virðingu hver á sinn hátt.

Tillögur

- Breyta og endurbæta núverandi herbergi á Dvalarheimilinu, og að þeir íbúar sem búa í íbúðunum við Skólastíg 14a og 16 eigi kost á sömu þjónustu sem veitt er á Dvalarheimili aldraðra í Stykkishólmi.
- Félagsleg heimþjónusta og heimahjúkrun verði sameinuð og færð undir eina framkvæmdastjórn.
- Leitað verði eftir samstarfi Dvalarheimilis aldrara í Stykkishólmi og Heilbrigðisstofnunar Vesturlands, Stykkishólmi um aukna og markvissa samnýtingu á þjónustu lækna og hjúkrunarfræðinga sem kostur er.
- Byggðar verði fleiri þjónustuíbúðir og/eða keyptar verði íbúðir sem koma á markað sem hægt er að nota sem þjónustuíbúðir.
- Lóðir við Móholt verði teknar frá fyrir byggingu þjónustuíbúða. Sjá teikningu í viðauka 3.
- Byggð verði íbúðarsambýli (í áföngum) sem innihalda 4-5 íbúðir.
- Komið verði á fót starfsstöð sem inniheldur dagvistun, hæfingu og atvinnutækifæri fyrir fólk með skerta starfsgetu.

Að lokum

Erfitt er að segja til um íbúapróun í Stykkishólmi á næstu árum, því er nauðsynlegt að endurskoða búsetuúrræði og þjónustu við aldraða og fatlaða á þriggja til fjögurra ára fresti.

Tryggja verður fjölbreytt búsetuúrræði með víðtækri heimaþjónustu, sem hæfir ólíkum aðstæðum og þörfum. Þegar ríki og sveitarfélög gera síðar með sér heildstætt samkomulag um flutning þessara málaflokka til sveitarfélaga er mikilvægt að höfð verði hliðsjón af þeim samningum sem best hafa reynst.

Stefnum að því að gera búsetuúrræði og þjónustu í Stykkishólmi þannig úr garði, að við getum öll verið stolt af.

Heimildaskrá

Stykkishólmsbær. 2006. *Stefnumörkun í málefnum aldraðra*. Skýrsluna má finna á vefslóðinni:

<http://stykkisholmur.is/stjornsyslan/skjalasafnfundargerdir/skyrslur-og-serverkefni/>

Mannréttindaskrifstofa Íslands. 2010. 19. janúar. *Réttindi aldraðra*. Vefslóðin er:

<http://www.humanrights.is/mannrettindi-og-island/hopar/aldradir/>

Mannréttindaskrifstofa Íslands. 2010. 19. janúar. *Réttindi fatlaðra*. Vefslóðin er:

<http://www.humanrights.is/mannrettindi-og-island/hopar/fatladir/>

Félags- og tryggingamálaráðuneytið. 2010. 12. janúar. *Lög og reglugerðir*. Vefslóðin er:

<http://www.felagsmalaraduneyti.is/log-og-reglugerdir/>

Viðauki 1 - Í stefnumörkun um málefni aldraðra, er skýrsla nefndar á vegum Stykkishólmsbæjar frá apríl 2006 en þar kemur eftirfarandi fram:

Samkvæmt lögum um félagsþjónustu er það hlutverk sveitarstjórnar " að sjá um að félagsþjónusta fyrir aldraða sé fyrir hendi í sveitarfélaginu eftir þörfum. Er það m.a. átt við heimaþjónustu, félgsráðgjöf og heimsendingu matar. Jafnframt skal tryggja öldruðum aðgang að félags- og tómstundastarfi við þeirra hæfi. Í því sambandi skal lögð sérstök áhersla á fræðslu og námskeiðahald um réttindi aldraðra og aðlögun að breyttum aðstæðum sem fylgja því að hætta þátttöku á vinnumarkaði."

(Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, 40/1991)

Samkvæmt lögum um málefni aldraða (125/1999) skiptist öldrunarþjónustan í opna öldrunarþjónustu og stofnanarþjónustu fyrir aldraða. Opna öldrunarþjónustan stuðlar að því að auðvelda öldruðum að búa sem lengst í heimahúsum. Undir hana heyrir heimaþjónusta aldraðra,

þjónustumiðstöðvar aldraðra sem eru starfræktar af sveitarfélögum til að tryggja eldri borgurum félagsskap, næringu, hreyfingu, tómstundaiðju, skemmtun og heilsufarslegt eftirlit, dagvist aldraðra og sjálfseignar-, leiguog búseturéttaribúðir fyrir aldraða. Stofnanarþjónusta fyrir aldraða er tvenns konar. Annars vegar er um að ræða þjónustuhúsnæði, þ.e. íbúðir eða dvalarheimili ætlað þeim öldruðum sem

ekki eru færir um að annast heimilishald þrátt fyrir heimaþjónustu. Hins vegar hjúkrunarrými á öldrunarstofnunum eða hjúkrunarheimilum sem eru ætluð þeim sem eru of lasburða til að dveljast í þjónustuhúsnæði aldraðra.

Heimahjúkrun

Markmið heimahjúkrunar er að gera öldruðum kleift að dvelja heima, við sem eðlilegastar aðstæður, þrátt fyrir sjúkdóma eða heilsubrest.

Heimahjúkrun er skipulögð af heilsugæslustöðinni og hefur hún aukist verulega á síðustu árum bæði vegna þess að eldra fólki hefur fjölgað hlutfallslega í bæjarfélaginu og einnig er fólk betur meðvitað um að þessi þjónusta stendur því til boða.

Til þess að fá heimahjúkrun þarf einstaklingurinn sjálfur, aðstandandi eða lækni að óska eftir henni við hjúkrunarfræðinga heilsugæslustöðvarinnar. Allir sem búsettir eru á svæði heilsugæslustöðvarinnar eiga rétt á þessari þjónustu sér að kostnaðarlausu.

Hjúkrunarfræðingar heilsugæslustöðvarinnar sinna þjónustunni sem byggist á vitjunum á heimilin. Þjónustan er veitt virka daga frá kl. 8 til 17 en ekki er um að ræða útkallsvakt eða næturþjónustu. Hjúkrunarþörfin er metin í fyrstu heimsókn.

Heimahjúkrun veitir aðstoð við almenna aðhlyningu, böð, lyfjagjafir, lyfjaeftirlit, blóðþrýstingsmælingu, sykurmælingu, sáraskiptingar o.fl. Jafnframt er andlegum þörfum fólks sinnt og því veitt ráðgjöf og stuðningur eftir þörfum. Heimahjúkrunin sér um að sækja um hjálpartæki til Tryggingarstofnunar ríkisins ef þörf er á þeim. Stefnt er að því að einstaklingar haldi færni sinni eins lengi og líkamsþrek og heilsa leyfir. Heimahjúkrun á því að vera hjálp til sjálfshjálpar.

Félagsleg heimþjónusta

Félags- og skólapjónusta Snæfellinga hefur umsjón með félagsþjónustu í sveitarfélögunum á Snæfellsnesi og hefur starfsfólk félagsþjónustunnar viðveru og fasta viðtalstíma á fimmtudögum í Egilshúsi í Stykkishólmi.

Samkvæmt reglum sem sveitarfélögin á Snæfellsnesi hafa samþykkt um félagslega heimþjónustu eru markmið hennar að fólk

„...geti búið við eðlilegt heimilislíf á eigin heimili svo lengi sem verða má. Þjónustan byggir á hjálp til sjálfshjálpar og miðar að því að styrkja sjálfsbjargargetu og vellíðan notenda“ (Reglur um félagslega heimþjónustu á Snæfellsnesi)

Hlutverk þjónustunnar er m.a. að veita aðstoð við heimilishald og persónulega umhirðu auk þess að veita félagslegan stuðning. Starfsmaður félagsþjónustunnar metur þjónustupörfina og hefur, eftir því sem við á, samráð við heilsugæslulækna og heimahjúkrun. Félagssleg heimþjónusta er að jafnaði veitt á dagvinnutíma frá mánudegi til föstudags.

Dvalarheimili aldraðra í Stykkishólmi

Dvalarheimili aldraðra í Stykkishólmi, sem er sjálfseignarstofnun, tók til starfa 9. ágúst 1978. Á heimilinu eru 18 einsmanns- og tvö tveggjamaðnaherbergi. Tíu hjúkrunarrými eru á heimilinu og við það strfa 17 starfsmenn í tæplega 13 stöðugildum.

Auk daglegrar umönnunar við heimilisfólk er ýmis önnur þjónusta veitt. Læknir kemur einu sinni í viku, sóknarprestur reglulega og hefur samverustundir og viðtöl auk guðsþjónustu um jól og páska. Hárgreiðslukona kemur einu sinni í viku og fót snyrtir nokkuð reglulega og boðið er upp á leikfimi daglega. Bankaþjónusta er einu sinni í mánuði. Íbúar í þjónustuíbúðunum á Skólastíg 14 og 16 hafa einnig getað nýtt þessa þjónustu.

Eldri borgarar og öryrkjar hafa getað fengið keyptan mat á dvalarheimilinu og ýmist borðað þar eða fengið matinn sendan heim. Sama á við um þvotta, aldraðir hafa getað keypt þá þjónustu af dvalarheimilinu.

Þjónustuíbúðir

Árið 1991 voru teknar í notkun átta þjónustuíbúðir fyrir aldraða og eru þær samtengdar Dvalarheimilinu. Árið 1997 voru svo teknar í notkun sjö íbúðir að Skólastíg 16. Þær eru einnig tengdar Dvalarheimilinu og þar er salur sem nýttur er til tómstunda- og félagsstarfs fyrir íbúa Dvalarheimilisins og þjónustuíbúðanna og aðra eldri borgara í bænum.

Íbúðirnar eru svokallaðar búseturéttaríbúðir og eiga íbúar þeirra rétt á sömu heimaþjónustu og aðrir íbúar bæjarins. Auk þess hafa þeir, vegna náinna tengsla við Dvalarheimilið, notið góðs af annarri þjónustu sem veitt er á Dvalarheimilinu eins og fram kemur hér að framan.

Íbúar í þjónustuíbúðum geta fengið keyptan mat og þvottaþjónustu á Dvalarheimilinu, einnig eru bjöllur í hverri íbúð, sem eru í sambandi við Dvalarheimilið.

Þjónustuhópur aldraðra hefur haft umsjón með úthlutun íbúða eftir reglum sem hafa verið samþykktar af bæjarstjórn. Undanfarin ár hafa að jafnaði 6 –10 umsóknir verið á biðlista eftir íbúðum.

Viðauki 2 - Skýringar á þjónustu og hugtökum.

Stuðningsfjölskylda. (veitt af svæðisskrifstofu.)

Hægt er að sækja um stuðningsfjölskyldu fyrir fötluð börn að 18 ára aldri. Oftast er um eina helgi í mánuði að ræða. Eins er hægt að nota þessa þjónustu í tímavinnu.

Skammtímavistun / sumardvöl. (veitt af svæðisskrifstofu.)

Skammtímavistun er í Holti í Borgarfirði og eins á Gufuskálum. Flestir fá þar aðeins eina helgi í mánuði.

Sumardvöl er í Holti þar fengu flestir sem sóttu um eina viku á síðasta sumri.

Liðveisla / félagsleg heimþjónusta.

Hægt er að sækja um liðveislu fyrir fötluð börn 6 ára og eldri. Þessi þjónusta er veitt af sveitarfélaginu og tíma fjöldi getur verið allt að 16 tímum á mánuði. Hægt er að fá aukinn tíma ef færð eru gagnleg rök fyrir þeirri þörf.

Heimilishjálp.

Heimilishjálp er veitt af sveitarfélaginu. Oftast er um 2 eða 4 tíma á viku að ræða.

Frekari liðveisla.

Viðbótar þjónusta sem veitt er af Svæðisskrifstofu. Til þess að fá frekari liðveislu þarf viðkomandi að vera bæði með liðveislu og heimilishjálp.

Örorkuvinnusamningar.

Gerður er samningur þar sem tryggingastofnun endurgreiðir 75 % af launum þess fatlaða í 2 ár síðan minnkar endurgreislan.

Atvinna með stuðningi.

Þar er aðstoðarmaður með þeim fatlaða í vinnu á almennum vinnumarkaði. Hefur verið greitt sem frekari liðveisla.

Heimahjúkrun.

Þjónusta sem veitt er frá heilsugæslunni. Miðast að öllu jöfnu við tímann milli kl 8 – 16. virka daga. Flestir sem fá þessa þjónustu fá aðstoð 1 sinni í viku en getur þó verið oftast allt eftir aðstæðum í hverju tilfelli fyrir sig. Þjónusta sem veitt er til að koma í veg fyrir að fólk þurfi að leggjast inn.

Heimsóknarvinir á vegum Rauða krossins

Sjálboðaliðar heimsækja einstaklinga sem eru félagslega einangraðir. Hlutverk heimsóknarvina er fyrst og fremst að veita félagsskap, nærveru og hlýju. Margir kjósa að lesa saman, hlusta á tónlist eða útvarp, spila. tefla, fönndra eða tala saman. Einnig fara margir í göngu- eða ökuferðir, fara saman á kaffihús eða eitthvað annað. Venjulega er miðað við eina klukkustund í senn, einu sinni í viku. Þessa þjónustu þyrftum við að efla

Viðauki 3 – Móholt mæliblað

